



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 2. ágúst 2023
MÍ202307-0006/ 6.09

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Efni: Fornahvarf 10, Kópavogi - breyting á deiliskipulagi

Minjastofnun barst tölvubréf skipulagsgáttar 3. júlí 2023 vegna stofnunar máls nr. 0328/2023 - *Fornahvarf 10 (Óveruleg breyting á deiliskipulagi)*. Meðfylgjandi erindinu var ódagsettur kynningarupphráttur unnin af skipulagsdeild umhverfissviðs Kópavogsbæjar og +Arkitektum. Í breytingunni felst að fallið er frá því að byggja áður samþykkt þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn frá árinu 2008, en þess í stað er gert ráð fyrir að stækka íbúðarhús til norðurs á tveimur hæðum með kjallara ásamt úti vaðlaug að sunnanverðu, nýju gufubaði og stækkun á sólskála. Einnig er ætlunin að byggja vinnustofu, tvöfaldan bílskúr og stækka núverandi geymsluhús og breyta í gestahús.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Samkvæmt fasteignaskrá eru fyrir á svæðinu þrjú hús (íbúðarhús, geymsluskúr og hesthús) sem byggð eru á árunum 1988 – 1999 og falla þau því ekki undir lög nr. 80/2012 um menningarminjar og ekki er farið fram á húsaskráningu.

Fyrir liggur fornleifaskráning *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2019. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Starfsmenn

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsviðsstigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsviðslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuminni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnunar könnuðu einnig svæðið á vettvangi í dag. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi fyrir Fornahvarf 10 eins og það er kynnt í meðfylgjandi gögnum. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.